



4. bekkur

2022-2023

Handbók

Flataskóli



Efnisyfirlit

Kennarar árgangsins	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	3
Námsmenningin sem við ætlum að skapa	3
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu.....	4
Samskipti kennara við foreldra.....	4
Lýsing á starfinu í árganginum.....	4
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar	4
Kennslustundir og námsgreinar	4
Helstu viðfangsefni nemenda.....	4
Stundaskrá.....	5
Heimanám	5
Náms og skemmtiferðir.....	5
Vinabekkir.....	5
Skólasókn og viðbrögð.....	6
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	6
Starfsáætlun Flataskóla	6
Skóladagatal	6
Tilkynningar um forföll nemenda.....	6
Upplýsingar um skráningu í hádegismat	6
Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla	6
Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti.....	6
Námsáætlun skólaársins.....	7
Hæfnimiðað nám.....	7
Námsmat	7
Námsáætlun	8

Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Anna Lind Þórðardóttir	Umsjón
Erna Þorleifsdóttir	Umsjón
Rakel Svansdóttir	Umsjón
Fannís Kara Guðnadóttir	Stuðningsfulltrúi
Atli Jóhannesson	Íþróttir
Hannes Ingi Geirsson	Íþróttir/sund
Jón Bjarni Pétursson	Íþróttir/sund
Linda Þorvaldsdóttir	Myndmennt
Margrét Indíana Guðmundsdóttir	Textíl
Sigrún Waage	Sviðslist/tónmennt
Jóhanna G. Ólafsson	Heimilisfræði
Rut Ingólfssdóttir Blurton	Smíði
Margrét Haraldsdóttir	Sérkennsla
Elínborg Anna Siggeirsdóttir	Upplýsingamennt
Helga Kristjánsdóttir	Deildastjóri á yngra stigi

Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

Við teymið viljum sjá að nemendur okkar þroskist og dafni við leik og störf. Þau finni að þau treysti okkur og hvert öðru og beri virðing fyrir sjálfum sér og öðrum. Markmið okkar er að þau ljúki þessu skólaári með aukna þekkingu, sterkari sýn á sjálfan sig, þau geti meira, viti meira og eflist í trú á sjálfum sér.

Við viljum að allir nemendur okkar fái verkefni við hæfi sem reyna á þrautseigju og auki þekkingu þeirra.

Námsmenningin sem við ætlum að skapa

Við viljum skapa námsumhverfi sem er bæði nærandi andlega og námslega. Við viljum leggja áherslu á að skapa jákvæða námsmenningu þar sem virðing, traust og öryggi ríkir. Að nemendur hafi trú á sjálfum sér, þekki tilfinningar sínar, þori að gera mistök og sýni sjálfstæði í vinnubrögðum. Til að ná þessu leggjum við áherslu á jákvætt hugarfar, seiglu og trú á sjálfan sig. Við þær aðstæður skapast andrúmsloft þar sem nemendur læra af mistökum, sjálfstraust þeirra eflist sem ýtir undir jákvæða sjálfsmýnd. Við trúum því að allir nemendur geti lært og náð árangri á sínum forsendum.

Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu

Menntun – árangur – ánægja

Hlutverk menntunar er að tryggja að einstaklingar auki hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf. Samfélagið er stöðugt að breytast og er það okkar kennarana að miðla námsefni á sem fjölbreyttastan hátt til að vekja og viðhalda ánægju þeirra og komast til móts við ólíkar þarfir nemenda. Mikilvægast er að nemendum líði vel, áhugi þeirra og ánægja skapi gott námsumhverfi. Hafa ber í huga að nemendur eru ólíkir með ólíkar þarfir og áhuga þegar kennarar undirbúa kennslu hverju sinni. Með því ná þeir árangri auk þess að tileinka sér ákveðna leikni, þekkingu og færni.

Samskipti kennara við foreldra

Markmið með samskiptum milli heimilis og skóla er að við skiptumst á upplýsingum um nám, líðan og hagi nemandans. Allar þær breytingar sem heimilið telur að hafi áhrif á barnið er gott að koma á framfæri. Vikulega kemur póstur frá okkur þar sem við nefnum hvað við gerðum í skólanum og hvað sé á döfinni. Boðið er upp á foreldraviðtöl svo oft sem þurfa þykir en slík viðtöl eru að minnsta kosti einu sinni á skólaári. Óskað er eftir að skilaboð berist fyrir kl. 8:30 á morgnana en alltaf er hægt að hafa samband við skrifstofuna sem kemur skilaboðum áleiðis. Við óskum eftir góðu samstarfi því við berum öll hag nemandans fyrir brjósti.

Netfangið flataskoli-4.bekkur@flataskoli.is er sameiginlegt netfang allra umsjónakennarana. Við viljum að flest öll skilaboð fari þarna í gegn.

Lýsing á starfinu í árganginum

Umsjónarkennarar deila sameiginlegri ábyrgð á námi og líðan allra nemenda í árganginum. Nemendur og kennarar skapa gott andrúmsloft til náms og saman búa þeir til bekkjarsáttmála og hjálpast að við að allir vinni samkvæmt sáttmálans. Nemendur eiga sína heimastofu þar sem þeir geyma öll sín gögn og vinna einstök verkefni auk þema- og hópaverkefna. Litið er á allan nemendahópinn sem eina heild. Flæði milli stofa er gott og nokkur verkefni yfir skólaárið sem unnin eru þvert á árganga.

Fjöldi nemenda og hópaskiptingar

Í árganginum eru 49 nemendur. Nemendur eru í þremur stofuhópum sem er skipt upp á sex til átta vikna fresti. Í byrjun skólaársins er nemendum einnig skipt í fimm list- og verkgreinahópa sem halda sér út allt skólaárið. Allir nemendur eru saman í ípróttum og þeim er skipt í 3 sundhópa.

Kennslustundir og námsgreinar

Helstu viðfangsefni nemenda

Stór hluti námstímans tengist íslensku með beinum eða óbeinum hætti s.s. með samþættingu við aðrar námsgreinar. Helstu viðfangsefni eru málfræði, ritun, framsögn, bókmenntir/ljóð, stafsetning, lestur og lesskilningur. Helstu viðfangsefni stærðfræðinnar eru hnitakerfið, samlagning og frádráttur, margföldun og deiling, tími og klukka, samhverfa og

mynstur, ummál og flatarmál, mælingar og tugabrot, almenn brot og tölfraeði. Í samfélags- og náttúrufræðigreinum er unnið með samfélagið- Halló heimur, eldfjöll, tækni og vísindi og Litlu landnemarnir.

Einu sinni til tvisvar sinnum á ári eru einstaklingsviðtöl milli nemanda og kennara. Þar er farið yfir nám og líðan barnsins og málefni líðandi stundar. Stofufundir eru haldnar tvisvar sinnum í viku, 20 mínútur í senn. Við myndum hring, hrósum og þökkum og tókum fyrir ýmis mál.

Stundaskrá

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:30 08:50	Ap/Ep/RS M206 Morguns	08:30 08:50	Ap/Ep/RS M206 Heimast	08:30 08:50	Ap/Ep/RS M206 Morguns	08:30 08:50	Ap/Ep/RS M206 Heimast	08:30 08:50	Ap/Ep/RS M206/M20 Morguns
08:50 09:30	Ap/Ep/RS M206 Fjölval	08:50 09:30	Ap/Hi/JB M206 Su/ums	08:50 09:30	Ap/Ep/RS / MH M20 Heimast/Sk	08:50 09:30	JÓ/Lp/MI S216 Smiðja	08:50 09:30	Ap/Ep/RS M206/M20 Heimast
09:30 10:10	Ap/Ep/RS M206 Fjölval	09:30 10:10	Ap/Hi/JB M206 Su/ums	09:30 10:10	MH / Ap/Ep/RS M206 Sk/Heimast	09:30 10:10	JÓ/Lp/MI S216 Smiðja	09:30 10:10	Ap/Ep/RS / MH M206/M20 Heimast/Sk
10:30 11:10	MH / Ap/Ep/RS M206 Sk/Heimast	10:30 11:10	Ap/Hi/JB M206 Su/ums	10:30 11:10	Ap/Ep/RS M206 Heimast	10:30 11:10	MH / Ap/Ep/RS M206 Sk/Heimast	10:30 11:10	Ap/Ep/RS M206/M20 Heimast
11:10 11:30	Ap/Ep/RS / MH M20 Heimast/Sk	11:10 11:30	Ap/Ep/RS M206 Heimast	11:10 11:30	Ap/Ep/RS M206 Heimast	11:10 11:30	MH / Ap/Ep/RS M206 Sk/Heimast	11:10 11:30	Ap/Ep/RS M206/M20 Heimast
12:10 12:50	AJ/Hi/JB Íþr	12:10 12:50	MH / Ap/Ep/RS M206 Sk/Heimast	12:10 12:50	AJ/Hi/JB Íþr	12:10 12:50	Ap/Ep/RS / MH M20 Heimast/Sk	12:10 12:50	Ap/Ep/RS M206/M20 Heimast
12:50 13:30	Ap/Ep/RS M206 Heimast	12:50 13:30	Ap/Ep/RS / MH M20 Heimast/Sk	12:50 13:30	Ap/Ep/RS M206/M20 Heimast	12:50 13:30	Ap/Ep/RS M206 Heimast	12:50 13:30	AJ/Ep/RS M206/M20 Hreyf

Heimanám

Heimanám í 4. bekk er lestur, orðaskrift og nokkrum sinnum ritunar- og stærðfræðiverkefni. Þar viljum við leggja áherslu á að þetta sé tenging í það sem gert er í skólanum hverju sinni.

Náms og skemmtiferðir

Fyrirhugað er að fara í hinar ýmsu náms og skemmtiferðir bæði í nærumhverfi skólans t.d. Hönnunarsafnið og á tónleika í Hörpu. Nánar um það þegar þær eru ákveðnar.

Vinabekkir

Markmið með vinabekkjum er að mynda tengsl milli eldri og yngri nemenda. Lögð er áhersla að þeir hittist nokkrum sinnum yfir skólaárið og eigi saman notalega og skemmtilega samverustund. Lögð er áhersla á að tengja saman vinabekki skólans, í ár er það 2.bekkur. Í frímínútum og frjálsum leik hafa einmitt myndast vináttubönd og fallegur leikur.

Skólasókn og viðbrögð

Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtímaveikindi.

Pegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaforðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólastjórnanda ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólastjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
15-20 fjarvistir Málinu er vísað til umráða í nemendaverndarráði.	20 dagar eða fleiri Skólastjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjöllunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkynning sendt til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkynning sendt til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu.
Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.

Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkynningar um forföll nemenda](#)

[Upplýsingar um skráningu í hádegismat](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#)

Parna undir er einnig að finna fleiri eyðublöð svo sem umsóknir um leyfi nemenda.

Námsáætlun skólaársins

Hæfnimiðað nám

Í hæfnimiððu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfnimiðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmið í 3-4 ár með mismunandi hætti.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

Námsmat

Haustið 2021 verður öll birting og utanumhald námsmats færð inn í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlanir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Kennarar búa til "námslotur" í Mentor sem ná yfir 6 - 10 vikna tímabil. Við hverja námslotu tengja þeir þau hæfniviðmið sem unnið verður með og metin eru í lok lotunnar. Námslotur tengjast þeim námssviðum eða viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Nemendum verður aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Leiðsagnarmati verðu beitt markvisst í námsferlinu. Sjá nánar í námsmatskafla starfsáætlunar.

Námsáætlun

Íslenska

Talað mál, hlustun og áhorf

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Beitt skýrum og áheyrilegum framburði. Tjá sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.	Framsögn Tjáning	Lestur bóka Upplestur með leikrænni tjáningu Umræður í hóp
Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.	Frásögn	Segja frá eigin reynslu Hlusta á frásögn annarra Hlusta á upplestur annarra
Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.	Hlustun	Paralestur með endursögn Notkun Chromebook tölva
Nýtt og endursagt efni á rafrænu formi.	Endursögn	Hlustun og upplifun á morgunsamveru

Íslenska

Lestur og bókmenntir

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.	Orðaforði Samhengi texta	Lestur fjölbreyttra bóka Lestur og lesskilningsverkefni
Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.	Merking lesefnis Lesskilningur	Útdráttur úr lesnu efni Umræður
Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið	Val á lesefni	Notkun bókasafns

<p>sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrarargetu sér til ánægju og skilnings.</p> <p>Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.</p> <p>Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, s.s. bókum og á rafrænu formi.</p> <p>Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.</p>	<p>Námsbækur</p> <p>Upplestur úr ræðupúlti</p>	<p>Upplýsingaöflun á netmiðlum</p> <p>Lestur í nestistímum</p>
---	--	--

Íslenska
Ritun

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi.	Skrift	Skrifa fjölbreyttan texta
Samið texta frá eigin brjósti, s.s. sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.	Uppbygging texta	Ritun með rafrænum hætti
Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.	Texti frá eigin brjósti	Töflukennsla
Beitt einföldum stafsetningareglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.	Aðalpersóna, aukapersóna, söguþráður og boðskapur í texta	Verkefnavinna
Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, s.s. af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.	Ýmsar stafsetningarreglur	Búa til veggspjöld
	Fyrirmyndir í texta	Búa til sögur, ljóð
	Ritvinnsla	

<p>Skrifa texta í tölvum og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.</p> <p>Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.</p>		
---	--	--

Íslenska
Málfræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.</p> <p>Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.</p> <p>Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.</p> <p>Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, s.s. margræðni orða og fundið kyn og tölu.</p> <p>Búa til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.</p>	<p>Ná öryggi í töluðu og rituðu máli</p> <p>Notagildi stafrófs</p> <p>Mismunandi hlutverk</p> <p>Ýmis einkenni tungumálsins</p> <p>Málsgreinar</p>	<p>Umræður</p> <p>Ýmis málfræðiverkefni</p> <p>Lestur mismunandi texta</p> <p>Leikir</p> <p>Ritun</p>

Stærðfræði

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Geta tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.</p> <p>Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir.</p> <p>Rökrætt að innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheim, rökstudd niðurstöður sínar, val á lausnarleiðum og fylgt röksemdafærslu annarra.</p>	<p>Samræður um stærðfræðileg viðfangsefni</p> <p>Leysa stærðfræðiþrautir einstaklingslega eða í hóp</p>	<p>Innlögn og umræður um viðfangsefni ásamt rökstuðningi</p> <p>Töflukennsla með sýnidæmum</p> <p>Blaðsíður unnar úr námsbók</p> <p>Stöðva- og paravinna</p> <p>Stærðfræðispil og leikir</p>

Stærðfræði

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.</p> <p>Notað hentug verkfæri, þar með talið hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.</p>	<p>Samræður nemenda um hugtök stærðfræðinnar</p> <p>Læra að nota talnalínu, vasareikni og tölvur við úrlausn verkefna</p>	<p>Töflukennsla</p> <p>Samræður tveggja eða fleiri eftir verkefnum</p> <p>Ýmis verkefni unnin s.s. hlutbundin, í námsbók, tölvu eða spjaldtölvu</p>

Stærðfræði

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Kannað og rannsakað með því að leggja fram tilgátur og gera tilraunir með ápreifanlegum gögnum.</p> <p>Undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.</p> <p>Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.</p>	<p>Unnið með hlutbundin gögn</p> <p>Samvinna</p>	<p>Setja upp reikningsdæmi</p> <p>Nota kennsluþeninga og fleiri gögn</p> <p>Búa til eigin orðadæmi í paravinnu</p> <p>Kynna eigin verkefni</p>

Stærðfræði

Tölur og reikningur

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.</p> <p>Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar-, og deilingardæmi.</p> <p>Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.</p> <p>Leyst viðfangsefni sem eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og</p>	<p>Samlagningar-, frádráttar-, margföldunar-, og deilingardæmi</p> <p>Hugarreikningur</p> <p>Skriflegur útreikningur</p> <p>Viðfangsefni úr daglegu lífi</p>	<p>Innlögn</p> <p>Námsbókarvinna</p> <p>Paravinna / samvinna</p> <p>Skráningar á athöfnum dagleg lífs</p> <p>Notkun vasareiknis</p> <p>Gagnvirk verkefni af vef</p> <ul style="list-style-type: none"> - Chromebook - Ipad

skriflegum útreikningum.		
--------------------------	--	--

Stærðfræði

Algebra

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Nota táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð.	Táknmál stærðfræðinnar	Innlögn Töflukennsla með sýnidæmum Umræður Paravinna / samvinna

Stærðfræði

Rúmfræði og mælingar

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um, hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.</p> <p>Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.</p> <p>Unnið með mælikvarða og lögun.</p> <p>Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.</p>	<p>Mælikvarðar og lögun</p> <p>Bera saman og túlka niðurstöður</p> <p>Tilraunir</p>	<p>Samræður</p> <p>Kynning á niðurstöðum</p> <p>Tilraunir með ýmis hlutbundin gögn bæði inni og úti</p> <p>Skráning á niðurstöðum og þær kynntar</p>

<p>Rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn.</p> <p>Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.</p>		
--	--	--

Stærðfræði

Tölfræði og líkindi

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.</p> <p>Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.</p> <p>Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð.</p>	<p>Gagnasöfnun og myndrit</p> <p>Stærðfræðilegar umræður</p>	<p>Safna upplýsingum</p> <p>Skráningar á niðurstöðum</p> <p>Umræður</p> <p>Niðurstöður kynntar</p>

Enska

Hlustun

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.</p> <p>Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.</p>	<p>Hlustun</p> <p>Samtöl</p>	<p>Hlustað á efni úr rafrókum</p> <p>Samræður</p>

Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.		
---	--	--

Enska
Lesskilningur

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum. Funduð afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.	Einfaldur texti í vinnubók og á gagnvirku efni	Hlustað á einfaldan texta Lesið og unnið með einfaldan texta Paravinna

Enska
Samskipti

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.	Samræður	Samvinnuleikir

Enska
Frásögn

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar og s.frv. Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin	Samræður Frásögn Upplestur	Hlusta á tónlist Horfa á myndbönd Lesu upp eigin texta

texta sem hann hefur haft tækifæri á að æfa.		Hópavinna
--	--	-----------

Enska
Ritun

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Skrifa texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.</p> <p>Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.</p> <p>Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.</p>	Ritun	<p>Ritun í tölvu</p> <p>Ritunarverkefni</p> <p>Myndasögur með texta</p> <p>Einföld ensk orð og tölustafir</p>

Enska
Menningarläsi

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sýnt fram á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.	Samanburður tungumála	Samræður

Enska
Námshæfni

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.</p> <p>Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.</p>	<p>Námsaðferðir</p> <p>Hópavinna</p> <p>Notkun hjálpartækja</p>	<p>Verkefnavinna</p> <p>Samvinna</p> <p>Paravinna</p> <p>Samræður</p> <p>Námsleikir</p>

Nýtt sér hjálparkæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur.		Chromebook og Ipad
--	--	--------------------

Samfélagsfræði

Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.	Mannleg gildi og virðing Menningarleg staða og saga Íslands	Umræður og innlög um viðfangsefni Valdar blaðsíður í námsbók
Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.	Málefni líðandi stundar Náttúrufar	Einstaklingsvinna Paravinna / samvinna
Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.	Áhrif tækni á umhverfið og mannlíf Gildi og áreiðanleiki upplýsinga	Stöðvavinna Netmiðlar Chromebook
Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.	Valdir þættir og tímabil í sögu heimabyggðar og fjölskyldu	Ipad
Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.	Mismunandi lífsviðhorf og siðir	
Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.	Gildi samhjalpar	
Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.		
Bent á dæmi um hvernig		

<p>sagan birtist í munum og minningum.</p> <p>Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.</p> <p>Áttað sig á gildi samhjalpar í samfélaginu.</p>		
--	--	--

Samfélagsfræði

Hugarheimur- Sjálfsmýnd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.</p> <p>Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.</p> <p>Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.</p> <p>Sett sig í spor annarra jafnaldra.</p> <p>Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.</p>	<p>Jákvæð viðhorf og gildi</p> <p>Styrkur einstaklingsins</p> <p>Áhrif áreita á líf einstaklingsins</p> <p>Setja sig í spor jafnaldra</p> <p>Markmiðasetning</p>	<p>Umræður og innlög um viðfangsefni</p> <p>Valdar blaðsíður í námsbók</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Paravinna / samvinna</p> <p>Stöðvavinna</p> <p>Netmiðlar</p> <p>Chromebook</p> <p>Ipad</p>

Samfélagsfræði

Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.</p> <p>Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir.</p>	<p>Samræður í jafningjahópi</p> <p>Hlustun</p>	<p>Innlögn</p> <p>Umræður</p>

<p>Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.</p> <p>Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.</p>	<p>Samskipti</p>	<p>Hópfundur</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Paravinna / samvinna</p>
--	------------------	---

Náttúrufræði
Geta til aðgerða

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.</p>	<p>Nánasta umhverfi</p> <p>Vekja nemendur til umhugsunar</p>	<p>Innlögn</p> <p>Umræður</p> <p>Valdar blaðsíður í námsbók</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Paravinna / samvinna</p> <p>Vettvangsferð</p>

Náttúrufræði
Nýsköpun og hagnýting þekkingar.

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólks, fundið lausn, hannað afurð.</p>	<p>Nýsköpun</p>	<p>Hugstormun</p> <p>Hlutbundin vinna</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Samvinna</p> <p>Netmiðlar</p>

		Chromebook
--	--	------------

Náttúrufræði

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.</p> <p>Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.</p>	<p>Tækni í daglegur lífi</p> <p>Samspil náttúru og manns</p>	<p>Umræður og innlög um viðfangsefni</p> <p>Valdar blaðsíður í námsbók</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Paravinna / samvinna</p> <p>Netmiðlar</p> <p>Chromebook</p> <p>Ipad</p>

Náttúrufræði

Vinnubrögð og færni

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.</p>	<p>Skráning upplýsinga</p>	<p>Vettvangsferðir</p> <p>Viðtöl</p> <p>Skráning gagna</p> <p>Kynningar á viðfangsefni</p>

Náttúrufræði
Ábyrgð á umhverfinu

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð.</p> <p>Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.</p>	<p>Áhrif mannsins á náttúruna</p> <p>Skoðun og greining á umhverfi og náttúru</p>	<p>Vettvangsferðir</p> <p>Skráning gagna</p> <p>Samræður</p>

Náttúrufræði
Náttúra Íslands

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.</p>	<p>Náttúruhamfarir á Íslandi</p>	<p>Umræður</p> <p>Upplýsingaleit</p> <p>Skráning upplýsinga</p> <p>Hópavinna</p> <p>Verkefni unnið</p>

Náttúrufræði
Heilbrigði umhverfisins

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Gert grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferlar veita.</p> <p>Sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra.</p>	<p>Náttúrulegir ferlar</p> <p>Eiginleikar efna</p>	<p>Umræður</p> <p>Upplýsingaleit</p> <p>Stöðvavinna</p>

		Vettvangsferðir
--	--	-----------------

Náttúrufræði

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum. Sagt frá þróun algengra rafmagnstækja og áhrifum segla.	Áhrif uppfinninga og nýsköpunar Þróun rafmagnstækja	Umræður Upplýsingaleit Hópavinna Vettvangsferð

Heimilisfræði 4. bekkur

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Nemandi getur: -farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli-og eldhúsáhöld. -farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.	Hvað í hæfniviðmiðinu er það sem nemandinn lærir - fylgir einfaldri uppskrift -þekkir mæliskeiðar og dl mál -notar einföld áhöld líkt og mæliskeiðar og dl mál rétt. -Vaska upp, ganga frá -þekkja hluti eins og viskastykki og borðtusku og vita hvernig á að nota þá.	Hvernig gerir hann það? -Nemandi bakar köku þar sem hann vinnur eftir einfaldri uppskrift, notar mæliskeiðar, dl mál og rafmagnsþeytara. -Nemandi fer eftir einföldum leiðbeiningum með því að þvo upp, ganga frá og nota borðtusku og viskustykki rétt.

Sjónlistir		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka. Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar. Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.	Mismunandi aðferðir í myndlist Gera myndverk með ólíkum aðferðum. Myndlist og hönnun. Hugtök greinarinnar.	Nemendur læra um hlutföll í andlitsteikningu og hvað línur geta túlkað ólíkar tilfinningar. Tölum um hugtökin samsíða verkefninu og notum svo ólíkar aðferðir og efni e.o. klessuliti, vatnsliti, rör og pensla. Ræðum um mismunandi tilgang myndlistar...er þetta verk hönnun eða myndlist.

Skólaíþróttir og sund		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert æfingar sem reyna á þol. Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu. Sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum. Tekið þátt í stöðluðum prófum. Synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir. Skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.	Þolæfingar Lipurð og samhæfing Boltafærni Stöðluð próf Bringusund, skólabaksund, baksund, skriðsund Hreinlæti	Þjálfar upp þol með hlaupæfingum, hlaupaleikjum og þolsundi. Ræða við nemendur og fá þá til að tileinka sér þrautseigu þegar kemur að því að reyna líkamlega og andlega á sig. Kennsla í stöðvapjálfun og þrautabrotum. Æfingar á jafnvægisslá, sipp og hinar ýmsu fimeikaæfingar. Kennsla og boltahæfni í hinum ýmsu boltaíþróttum. Boltaæfingar við hæfi, kasta, grípa og knattrak. 6 mín hlaupapróf og tímataka í 20m spretthlaupi. 25m bringusund viðstöðulaust. 12m skriðsund og 12m baksund. Kennsla í sundi, fótatakið, armtakið, öndun, taktur og rennsli æft. Sundaðferðir brotar upp og einnig æft í heild sinni.

<p>Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.</p>	<p>Umgengnis- og öryggisreglur.</p>	<p>Rætt við nemendur ítrekað um mikilvægi almenns hreinlætis. Nemendur eiga að mæta með íþrótt og sundfatnað í kennslustundir. Fyrir og eftir sundkennslu eiga nemendur að fara í sturtu.</p> <p>Rætt reglulega við nemendur um umgengnisreglur í íþróttahúsi. Ákveðin áhöld í fimleikasal, virðingu við starfsfólk íþróttamiðstöðvar og mikilvægi hljóðvist í búningarklefa, sem og framkomu við samnemendur.</p>
---	-------------------------------------	--

Textílmennt		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.</p> <p>Leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.</p> <p>Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.</p> <p>Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.</p> <p>Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.</p>	<p>Upplýsingaleit varðandi viðfangsefni</p> <p>Notkun á áhöldum og aðferðum í textíl.</p> <p>Þekking á mismunandi efnum og möguleikum á endurnýtingu.</p> <p>Myndverk á textíl/skreyting</p> <p>Kynning á hugatakinu handverk og</p>	<p>Nemendur gera guðsauga þar sem þeir þjálfast í að leita sér upplýsinga á netinu og fræðast um táknið. Nemendur vinna eftir munnlegum leiðbeiningum og sýnikennslu binda saman tvo pinna og velja sér garn til að búa til guðsaugað úr.</p> <p>Nemendur þjálfast í að hnýta og að skreyta textílvinnuna</p> <p>Nemendur vinna textílverk og þjálfast í að nota ullarkembu og þæfingarnál.</p>

Smíði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.</p> <p>Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.</p> <p>Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.</p> <p>Framkvæmt einfaldar samsetningar.</p> <p>Bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi.</p> <p>Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</p>	<p>Notkun á verkfærum.</p> <p>Samsetningar</p> <p>Hugmyndavinna</p> <p>Tækni og nærumhverfi</p> <p>Vönduð vinnubrögð</p>	<p>Nemendur læra um smíðaeefni með því að fara í göngutúr með kennara og skoða trjátegundir.</p> <p>Nemandi gerir lítinn bíl og hús þar sem hann lærir að nota sandpappír til að pússa og lærir svo samsetningu þegar hann setur dekk á bílinn og þak á húsið. Nemandi lærir að nota hamar til að negla dekk á bílinn og lærir að ekki þarf alltaf að negla allt fast.</p> <p>Nemandi þjálfast í hugmyndavinnu og samsetningu með því að þurfa að tala við aðra nemendur um sinn þorpsreit og passa upp á að hann passi við verkefni annarra.</p> <p>Nemendur læra að hugsa um tæknifyrirbrigði með því að þurfa að ákveða hvað á heima í þorpinu – hvað þarf að vera í þorpi (sjúkrahús, matvöruverslun, hleðslustöðvar fyrir bíla?...o.fl.)</p> <p>Nemendur læra að sýna góða nýtingu efnis með því að leita sjálf að kubbum til að nota í verkefni sitt (hús, bíll o.fl.) og fara sparlega með málningu.</p> <p>Nemandi lærir að meta góð vinnubrögð með því að meta eigið verk í samræmi við eigin getu og að skila ekki verkefni eingöngu til að klára. Betra er óklárað vandað verkefni en klárað flýttiverkefni.</p> <p>Dóminóþorpið</p>

Lykilhæfni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tjáning og miðlun: Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt. Gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni.	Tjáning Hlustun og umræður	Frásögn, leikir og munnleg tjáning Stofufundir Réttindafræðsla
Skapandi og gagnrýnin hugsun: Tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur	Viðmið um árangur Sjálfstæði og sjálfsagi í vinnubrögðum	Skipuleggja tímann sinn Setja sér einföld markmið og tímasetja þau Skipulagðir og frjálssir leikir sem reyna á samskipti og félagsfærni
Sjálfstæði og samræða Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á. Tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu.	Taka þátt Prófa eitthvað nýtt Námstækni og upplýsingaöflun	Veraldarvefurinn, bækur, námsforrit
Nýting miðla og upplýsinga Notað miðla nokkuð sjálfstætt við nýsköpun, hugmyndavinnu og kynning efnis	Einstaklingsviðtöl Leiðbeiningar að skipuleggja sig Eftirfylgni	mismunandi aðferðir sýndar til að skipuleggja sig Halda utan um námsgögnin sín
Ábyrgð og mat á eigin námi Tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár		